

GJALDSKRÁ**Rafmagnsveitna ríkisins.****I. SMÁSALA.****Gjaldskrárlíðir.**

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. 1. Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	4,95 kr/kWh
Fastagjald 1 × F1	2 400,00 kr/a

A. 2. Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkja-gerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

Orkugjald	7,43 kr/kWh
Fastagjald 1 × F1	2 400,00 kr/a

A. 3. Utanhússlýsing.

Öll sérmæld utanhússlýsing.

Orkugjald	4,30 kr/kWh
Fastagjald 1 × F1	2 400,00 kr/a

A. 4. Sumarbústaðanotkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

Orkugjald	2,35 kr/kWh
Fastagjald F1+F3	9 600,00 kr/a

Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A.1 ef hagkvæmara þykir.

A. 5. Markmæling.

Allur almennur búrekstur.

Orkugjald af allri notkun	1,36 kr/kWh
Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW	24 180,00 kr/a
Aflgjald umfram 4 kW að hámarki 20 kW	4 030,00 kr/kWh/a
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	4,95 kr/kWh

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur.

Heimilt er að selja raforku til búrekstrar samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir.

B. 1. Aflmæling.

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun.

Lágmarksaflgjald 15 kW.	
Aflgjald	7 110,00 kr//kW/a
Orkugjald kW	1,56 kr/kWh

B. 2. Súgburrkun.

Til súgburrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. október.

Aflgjald	1 950,00 kr/kW/a
Orkugjald	1,15 kr/kWh

B. 3. Aflmæling – hitun.

Varmadælur og notkun til hitunar í iðnaði o.fl.

Lágmarksaflgjald 15 kW

Aflgjald	5 688,00 kr/kW/a
Orkugjald	1,25 kr/kWh

C. 1 / D. 1 Rofin daghitun.

Rafhitun með roftíma allt að 2×1,5 klukkustund á dag.

Orkugjald	1,84 kr/kWh
Fastagjald F3	7 200,00 kr/a

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur.

C. 2 / D. 2 Næturhitun.

Rafhitun með roftíma allt að 15 klukkustundum á dag, á tímabilinu frá kl. 07:00 til 23:00.

Orkugjald	1,24 kr/kWh
-----------------	-------------

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur.

D. 3. Órofin hitun.

Fyrir órofna rafhitun, varmadælur o. fl.

Hámark uppsetts afls er 200 kW

Orkugjald 1. maí til og með 30. september	1,84 kr/kWh
Orkugjald 1. október til og með 30. apríl	2,57 kr/kWh
Fastagjald F3	7 200,00 kr/ári

S. 1. Sumartaxti.

Fyrir meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun á tímabilinu 1. apríl til 31. október, samkvæmt sérsamningi.

Lágmarksafl 75 kW á mánuði.

Orkugjald	0,83 kr/kWh
Aflgjald	374,00 kr/kW/mán

Engin orkuafhending er heimil frá 1. nóvember til 31. mars.

INNHEIMTA OG LOKUN.

Innheimtugjald:

Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu og undirbúning að lokun er 500,00 kr.

Lokunargjald:

Gjald fyrir lokun og enduropnun veitu vegna vanskila er 1 000,00 kr.

SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Utanhússlýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Rafmagnsveitur ríkisins á sinn kostnað.

2. Markmæling.

Liður A.5. er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárliðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgþurrkun eða húshitun.

3. Aflgjaldsmæling.

Liður B.1 er fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir liðir, svo sem A.1, veittir samhliða. Heimilt er þó að mæla rafhitun sérstaklega.

Aflgjald sé ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda, en hjá fiskibræðslum, fiskimjòlsverksmiðjum og hliðstæðri notkun, meðaltal tveggja hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

Lágmarksaflgjald sé miðað við 15 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

4. Sumartaxti.

Heimilt er að selja raforku til meiriháttar véla- og iðnaðarnota á sérstökum sumartaxta. Gera þarf sérstakan samning þar um í hverju tilviki. Sumartaxti gildir aðeins á tímabilinu 1. apríl til 31. október og er engin notkun leyfð á sama rafbúnaði eftir öðrum gjaldskrárliðum utan þess tímabils. Aflgjald sé samkvæmt mælingu við 15. mín. meðalgildi afls. Álestur fari fram að jafnaði 1. hvers mánðar.

5. Véla- og tækjanotkun.

1. Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall. Rafmagnsveiturnar geta krafðið notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (Cos 0 undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverjum sinni.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o.fl.

Pegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

7. Annað.

Sölugjald 25% er innifalið í öllum gjaldskrárliðum nema orkugjöldum til húshitunar í liðum A.4, A.5, B.3, C.1, C.2, D.1, D.2, D.3 og fastagjaldi F.3 og aflgjöldum B.3.

Gjaldskrárverð breytast til samræmis við þær breytingar, sem kunna að verða á þessum gjöldum.

II. HEILDSALA.

1. Skilgreining.

Gjaldskrá þessi gildir um sölu til héraðsrafmagnsveitna og er miðuð við afhendingu orkunnar á einum stað í nánd við mörk orkuveitusvæðis þeirra.

Í gjaldskrá þessari eru tilgreindir mánuðir og ár — almanaksmánuðir og almanaksár.

2. Rafmagnsgjald.

Aflgjald	4 720,00 kr. á árskW
+ Orkugjald fyrir fyrstu notkun allt að 2 500 klst.	
nýtingartíma á árskW	150,3 aurar á kWh
Fyrir notkun milli 2 500 og 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	87,6 aurar á kWh
Fyrir notkun umfram 4 000 klst. nýtingartíma á árskW	41,2 aurar á kWh

3. Málspenna.

Gjöld samkvæmt 2. gr. miðast við að rafmagnið sé afhent á 33 eða 66 kV málspennu. Sé afhendingarspennan lægri hækka öll gjöld samkvæmt 2. gr. um 5%.

4. Aflmæling.

Með árskW í gjaldskrá þessari er átt við meðaltal fjögurra hæstu mánaðarálagstoppa ársins, mældra sem 30 mínútna meðalalag á afhendingarstað.

5. Ársnýting.

Ársnýting, árstími í klukkustundum er raforkunotkun eins almanaksárs í kWh deilt með þeim álagstoppi í kW sem greiða skal fyrir.

6. Ákvörðun aflgjalds.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda aflnotkun komandi árs, og er það umsamið afl sama tímabils. Reynist mesta aflnotkun vera minni, skal þó kaupandi greiða fyrir minnst 80% af umsömdu afl.

7. Fasviksstuðull.

Gjaldskráin miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðullinn niður fyrir þetta gildi, skal kílóvattstundarverð skv. 2. gr. umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins fer niður fyrir slíkt lágmark.

8. Greiðsluskilmálar.

Rafmagnsveiturnar áætla í samráði við kaupanda árgreiðslu hans miðað við umsamið afl og áætlaða orku og skal þeirri upphæð skipt í mánaðarlegar greiðslur. Mánaðargreiðslurnar falla í gjalddaga fyrsta dag hvers mánaðar eftir á, og eindagi er í lok þess mánaðar. Lánavextir greiðast af fyrsta mánuði skuldar en vanskilavextir eftir eindaga, hvort tveggja samkvæmt almennum reglum Seðlabanka Íslands um hæstu leyfilega vexti á hverjum tíma. Rafmagnsveiturnar hafa heimild til að stöðva afhendingu orkunnar, ef greiðsla hefur ekki verið innt af hendi einum mánuði eftir gjalddaga, en tilkynnt skal kaupanda um það með minnst 3ja daga fyrirvara. Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lög taki á kostnað kaupanda, sbr. 76. gr. orkulaga nr. 58, 1967.

III. HEIMTAUGARGJALD Í ÞÉTTBÝLI.

Heimtaugagjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, í þéttbýli með fasta íbúatölu 50 eða fleiri samkvæmt skrá Hagstofu Íslands, er sem hér segir:

- 1.1 Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.
- 1.2 Heimtaugagjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins. Heimtaugargjaldið skal greitt áður en tenging fer fram.
- 1.3 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.
- 1.4 Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Heimtaugagjöld
63 A einfasa	38 100,00 kr.
63 A þrífasa	42 100,00 kr.
100 A þrífasa	64 900,00 kr.
200 A þrífasa	156 000,00 kr.
315 A þrífasa	247 000,00 kr.
400 A þrífasa	340 000,00 kr.
710 A þrífasa	607 000,00 kr.
1200 A þrífasa	1 020 000,00 kr.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

- 1.5 Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Stofngjald	Yfirlengdargjald	
		Jarðstrengur	Loftlína
63 A einfasa	7 180,00 kr.	800,00 kr/m	11 400,00 kr/stólpa
63 A þrífasa	10 100,00 kr.	800,00 kr/m	13 000,00 kr/stólpa
100 A þrífasa	11 000,00 kr.	1 000,00 kr/m	15 000,00 kr/stólpa

Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum sem tengdur er í loftlínu-staur greiðist kr. 9 150,00.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Yfirlengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug að stofnvarkassa í húsveitu og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

- 1.6 Leita skal samþykkis rafmagnsveitnanna um staðsetningu inntaks heimtaugar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.
- 1.7 Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.
- 1.8 Sé nauðsynlegt að setja spennistöð, að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.
Þegar lóð er lögð til, er það gert rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Húsnæðisaðstaðan skal fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið — uppsteypt — er lagt til rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

1.9 Breyting á heimtaug.

Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Heimilt er þó að lækka eða fella niður þetta gjald þegar sérstakar aðstæður mæla með því að mati rafmagnsveitnanna.

2.0 Frávik.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum í þéttbýli. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða heimtaugar stærri en 1200 A, skal greiða heimtaugagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af þessari gjaldskrá. Gjald fyrir aðrar heimtaugabreytingar en um getur í þessari gjaldskrá er samkvæmt kostnaðarreikningi eða eftir nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.

IV. HEIMTAUGARGJALD Í SVEITUM.

- 1.1 Hver sá, er óskar að fá heimtaug frá rafmagnsveitum ríkisins, utan þéttbýlis, skal hafa greitt heimtaugargjald til rafmagnsveitna ríkisins, áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjaldsins hafi verið fullnægt.
- 1.2 Heimtaugargjald fyrir sumarhús, veiðihús og annað húsnæði þar sem ekki er föst búseta eða reglubundin starfsemi, svo og bráðabirgðaheimtaugar, skal vera samkvæmt verðskrá kostnaðar- og verkisamþykkt hverju sinni. Fyrir heimtaugar í íbúðarhús, kirkjur, skóla, atvinnuhúsnæði o.þ.h. skal grunngjald vera kr. 64 900,00 á hvern notanda og er þá miðað við að heildarkostnaður við heimtaugarlögnina fari ekki fram yfir kostnað við lagningu 80 m heimtaugar og uppsetningu 25 kVA spennistöðvar. Framangreint grunngjald kr. 64 900,00 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 293 stig og, að Orkusjóður greiði það sem á vantar heildarkostnað við lagningu 80 m heimtaugar og 25 kVA spennistöðvar. Grunngjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunngjaldi almanaksársins.
- 1.3 Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðva fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Ef lögð er veita, þar sem línulögn þarf til og/eða, heimtaugarlengd og stærð spennistöðvar fer fram úr því, sem tilgreint er í lið 1.2, skulu heimtaugargjöld hækka samkvæmt ákvörðun rafmagnsveitustjóra, með hliðsjón af áætluðum umframkostnaði.

V. GJALD VEGNA VARATENGINGAR.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um kostnað við varatengingu þar sem önnur orkuöflun er fyrir hendi. Gjaldtaka miðast við 20 kW aflúttekt.

- 1.1 Í hverju tilviki fyrir sig skal gera skriflegan samning um tenginguna og frágang hennar. Þann kostnað sem af henni hlýst greiðir notandinn að fullu.
- 1.2 Hafi viðkomandi ekki verið tengdur við dreifikerfi rafmagnsveitnanna þegar varatengingar er óskað greiðir hann allan kostnað við tenginguna, þ. e. af línulögn, spenni, strengjum o. s. frv.
- 1.3 Notandi greiðir fyrir varatenginguna fast gjald á ári, sem er það sama og lágmarksgjald á marktaxta fyrir 4 kW, óháð orkunotkun. Fyrir hverja kWh sem notuð er skal notandinn greiða samkvæmt almenna taxtanum A1.

VI. NIÐURGREIÐSLUR.

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau heimili sem búa við rafhitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá hitaveitu sem rekin er á viðkomandi stað. Um niðurgreiðslur gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 40000 kWh á ári samkvæmt lið C 1 og 56000 kWh samkvæmt lið A 5, en er skipt eftir vægi veturs og sumars í hitaþörf. Vetrartímabilið er frá og með 16. október til og með 15. apríl. Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C 1 hitun:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 140 kWh á dag að jafnaði á vetrartíma en 80 kWh á dag á öðrum tíma árs. Niðurgreiðsla nemur 0,63 kr. á kWh.

Liður A 5 markmæling:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 194 kWh á dag að jafnaði á vetrartíma en 113 kWh á dag á öðrum tíma árs. Niðurgreiðsla nemur 0,45 kr. á kWh.

EKKI er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C2 naturhitun. Niðurgreiðsla nemur 0,38 kr/kWh.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1987, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 355, 29. júlí 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 18, 16. janúar 1987, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 24. ágúst 1987.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ**Rafmagnsveitu Reykjavíkur.**

1. gr.

Orkuveitusvæði.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. gr.

Raforkugjöld.**A. Almennir taxtar**

A.1 Verð á rafmagni til allrar almennrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:

Fast gjald 1 460,00 kr/ár

Orkugjald 3,76 kr/kWh

A.2 Verð á rafmagni til notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum:

Fast gjald 2 920,00 kr/ár

Orkugjald 4,89 kr/kWh